

15. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Zoom, 12. janúar 2021, kl. 17:15

Mættir eru: Ásdís Nína Magnúsdóttir (ÁNM), Geir Finnsson (GF),

Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS), Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL), Una Hildardóttir (UH) og Viktor Ingi Lorange (VIL).

Frá skrifstofu: Sigurður Helgi Birgisson (SHB) og Tinna Isebarn (TI). Rut Einarsdóttir (RE)

Fundarstjóri: Una Hildardóttir (UH)

Fundur settur 17:17

Dagskrá:

1. **Mannabreytingar:** Hér með lætur RE af embætti ritara og UH leggur til að VIL taki við hlutverki ritara LUF. Tillagan er samþykkt.
2. [Fundargerð](#) 14. stjórnarfundar til samþykktar.
3. **Upplýsingagjöf frá skrifstofu:**
 - 3.1. Sett hefur verið upp starfsáætlun ársins 2021 til viðmiðunar.
 - 3.2. Vakin er athygli á uppfærðri vinnuáætlun starfsársins.
 - 3.3. Starfsmenn vinna enn að heiman í ljósi þess að viðvera LUF í HH er enn einungis leyfileg fyrir hádegi vegna sóttvarna í húsinu.
4. **4. leiðtoga ráðsfundur á að fara fram fyrir lok janúar.**
 - 4.1. GF leggur til að hann verði þann 26. janúar og að fundarboð verði sent út að fundi loknum. Tillagan er samþykkt.
 - 4.2. Fundarboð er samþykkt.
 - 4.3. Drög að dagskrá er samþykkt.
 - 4.3.1. Kosning Ungmennafulltrúa Íslands á sviði menntamála: Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur enn ekki gefið svar við beiðninni og hefur það verið ítrekað. Samþykkt er að birta auglýsingu af því gefnu að svar berist í tæka tíð.
 - 4.3.2. Yfirlýsing Leiðtogaráðs um atvinnuleysi ungs fólks: RE er falið að klára það sem eftir er og leggja fyrir stjórn til rafrænnar samþykktar.
 - 4.3.3. Drög að umsögn LUF um drög að stefnu um félags- og tómstundastarf: SHB falið að fullklára og skrifstofa leggur fyrir stjórn til rafrænnar samþykktar.
 - 4.3.4. Tillaga að kjörstjórn fyrir sambandsþing:
 - 4.3.4.1. Til upplýsinga: Skv. 20 gr. samþykktar skal stjórn leggja fram tillögu að kjörstjórn sem hefur það eina hlutverk að tryggja að í hvert embætti sem kosið er í sambandsþingi sé a.m.k. einn frambjóðandi.
 - 4.3.4.2. Til samþykktar: Skrifstofa leggur til að þeir stjórnarmenn sem hyggjast ekki gefa kost á sér áfram sitji í kjörstjórn. TI falið að setja upp tillögu sem lögð verður fyrir stjórn til rafrænnar samþykktar.
 - 4.3.5. Sjálfbærnistefna LUF:
 - 4.3.5.1. Til upplýsinga: Stjórn tók ákvörðun á [10. stjórnarfund](#) um að drög að sjálfbærnistefnu yrði tilbúin fyrir 4. leiðtoga ráðsfund.

- 4.3.5.2. Tillaga til samþykktar: Bæta við kafla um „Ábyrgð gagnvart umhverfinu“ inn í [siðareglur LUF](#).
- 4.3.5.3. Umræða: Fram fer mikil og ígrunduð umræða stjórnar um hvernig best væri að uppfylla markmið 18. í [framkvæmdaráætlun](#). ÁNM leggur til að fram komi kolefninsjöfnun flugsamgangna á vegum LUF og bendir á Leiðbeiningar um sjálfbært viðburðarhald og Græn skref í ríkisrekstri.
- 4.3.5.4. Ákvörðun: Stjórn felur skrifstofu í samráði við ÁNM að bæta við kafla í siðareglur sem lagðar verða fyrir stjórn til rafrænnar samþykktar. Skoðað verður möguleikann á því að setja frekari sjálfbærnimarkmið LUF í endurbætta stefnu, tillögu að framkvæmdaáætlun og vinnureglur stjórnar.
- 4.3.6. Félagi ársins 2020:
 - 4.3.6.1. RE leggur til að Félagi ársins 2020 fari fram fimmtudaginn 25. Febrúar og er tillagan samþykkt.
 - 4.3.6.2. Útfærsla: Skrifstofa leggur til að viðburði verði streymt í beinni útsendingu á samfélagsmiðlum.
 - 4.3.6.3. [Auglýsing](#) eftir tilnefningum til Félaga ársins 2020 er samþykkt m.t.t. breytinga í samræmi við ákvarðanir á fundi þessum. RE er falið að birta auglýsingu.

5. Leiðtogaskóli Íslands:

- 5.1. Stjórn ákvað að samþykkja tillögu stjórnar skólans um að fresta skólanum.
- 5.2. Styrkur hefur fengist fyrir stjórnmalaskóla LUF.
- 5.3. Lagt er til að skólinn verði haldinn næst helgarnar 9.-10 & 23.-24. október. SÁS veur athygli á að taka þurfi tillit til fólks í vaktavinnu. Tillagan að dagsetningunum er samþykkt.

6. Staða ungmenna geirans:

- 6.1.1. Tilboð fengust í uppsetningu og grafík sem þóttu það há að skrifstofa leggur til að notist verði við Canva. SÁS falið að fá tilboð og tillögu að tímalínu frá öðrum grafískum hönnuði.
- 6.1.2. Ákvörðun um útgáfu: Skýrslan verður send út með fundargögnum fyrir sambandsþing og fá félögin færi á að koma með athugasemdir.

7. Rsk-málið:

- 7.1. SHB hefur enn og aftur ítrekað andmæli sín við ákvörðun um höfnun á skráningu heitisins LUF og beiðni um rökstuðning ásamt vísun til lagaheimilda á grundvelli stjórnarsýslulaga. Fyrirtækjaskrá virðist æta að halda ákvörðuninni til streitu, um að LUF sé ekki heiti félagsins skv. samþykktum, þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á annað. Má vænta þess að fá formlega synjun á næstunni sem er kæránleg til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.
- 7.2. Kvörtun LUF til Umboðsmanns Alþingis hefur verið tekin til meðferðar. Umboðsmaður hefur óskað eftir svörum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og hefur það frest til 25. nóvember til að svara. Viðbótarfrestur hefur verið veittur í tvígang og var sá nýjasti til 4. janúar 2021. Beðið er eftir frekari upplýsingum frá Umboðsmanni.

8. Alþjóðamál:

- 8.1. Fulltrúi LUF í úthlutunarnefnd NUBF: Þar sem Heiða hefur lokið störfum fyrir félagið þarf að skipa nýjan fulltrúa í hennar stað. Ákveðið er að RE verði skipuð.
 - 8.2. Sérfræðihópur Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun: Stjórn ákveður að kjörinn Ungmennafulltrúi Íslands á sviði sjálfbærrar þróunar verði sjálfskipaður í sérfræðihópinn.
 - 8.3. DNYC óskar eftir fundi með LUF og er SÞF falið að funda með þeim.
 - 8.4. LJP hefur óskað eftir upplýsingum frá LUF um stöðu ungmennafélaga á Íslandi og er SÞF falið að veita þeim svör.
 - 8.5. Kynning á námsstyrk: RE er falið á áframsenda erindið á SÍF, SHÍ og LÍS.
- 9. Sambandsþing 2021:**
- 9.1. Til upplýsinga: Þingið skal halda fyrir lok febrúar. Boða þarf til sambandsþings eigi síðar en tveim vikum fyrir þing.
 - 9.2. Ákvörðun: Þingið mun fara fram laugardaginn 27. febrúar kl. 13:00.
 - 9.3. Útfærsla þingsins: Stjórn ákveður að þingið verði rafrænt í fyrsta sinn í sögu félagsins. TI er falið að bóka húsnæði.
- 10. Næsti stjórnarfundur:** Miðvikudaginn 10. febrúar.
- 11. Önnur mál:** SÞF óskar eftir upplýsingum um stöðu skuggakosninga: TI greinir frá að höfð hafa verið samskipti við framkvæmdastjóra SÍF og stefnt er að því að funda þegar ný stjórn LUF hefur tekið við.

Fundi slitið kl. 19:01
RE ritaði fundargerð